

Nóvember 2020

Aðgerðaráætlun Þelamerkurskóla

Áætlun um skólastarf í kjölfar takmarkana yfirvalda vegna COVID-19 veirunnar í þriðju bylgju faraldurs, nóvember 2020.

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Hörgársveitar leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir sveitarfélagsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Aðgerðaráætlun skólans byggir á þeim forsendum að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist á þeim tímapunkti sem áætlunin er gerð, fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar til að innviðir samfélagsins ráði sem best við stöðuna hverju sinni og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, s.s. eldra fólk og þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Meginregla stjórnenda hjá Hörgársveit og starfsfólks skólans er að nálgast viðfangsefnið af yfirvegun með jákvæðni og lausnaleyti að leiðarljósi. Tilmæli yfirvalda, s.s. Almannavarna og landlæknis, verða megin leiðarvísir sveitarfélagsins í öllum aðgerðum auk þess sem leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitafélaga sem og samráð við skóla í sambærilegri stöðu er haft til hliðsjónar.

Þann 6. mars sl. var gefin út [Viðbragðsáætlun Almannavarna fyrir Þelamerkurskóla](#). Þessi aðgerðaráætlun sem hér birtist er nákvæmari útlistun á þeirri viðbragðsáætlun og verður hún uppfærð jafnóðum sem nýjar upplýsingar eða ákvarðanir berast frá yfirvöldum sem kunna að hafa áhrif á skipulag skólastarfs. Megináhersla er lögð á að fylgja tilmælum yfirvalda skv. Auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar sem birtist á vef Stjórnarráðsins 1. nóvember 2020, en þar segir meðal annars að *Markmiðið með takmörkun skólastarfs er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19.*

Þelamerkurskóla, 2. nóvember 2020

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir

Skólastjóri

Skólafstarf skipulagt út frá settum takmörkunum, október 2020

- Geri má ráð fyrir að eftirfarandi skipulag gildi til og með 17. nóvember að öllu óbreyttu, í samræmi við gildistíma [Reglugerðar um skólafstarf](#)
- Starfsfólk skólans notar ávallt grímur, sé ekki hægt að viðhafa 2ja metra fjarlægð við næstu manneskju.
- Nemendur í 5. - 10. bekk nota grímur utan kennslustofa og þegar ekki er hægt að viðhafa 2ja metra fjarlægð.
- Heimferð verður kl. 13.30 alla daga nema föstudaga, þeir eru óbreyttir.
- Nemendur í 9. og 10. bekk stunda fjarnám undir handleiðslu kennara á þriðjudögum og fimmtudögum og mæta í skólann á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.
- Ef þurfa þykir námsins vegna, geta nemendur fengið sína Krómtölvu með sér heim. Foreldrar kvitta undir ábyrgð á tölvunum í tölvupósti, skv. skjali sem þeir fá frá kennurum.
- Kennarateymi hvers hóps sjá um list- og verkgreinar í sínum nemendahópi og mega nýta verkgreinastofur. Þeir sjá um sóttþreinsun á sameiginlegum snertiflötum að þeirri kennslustund lokinni.
- Íþrótt- og sundkennsla fellur niður en kennarateymi hvers hóps fyrir sig skipuleggja snertilausa hreyfingu á heimasvæðum eða útisvæðum eftir atvikum. Íþróttakennarar tilheyra ákveðnum teymlum og deila auk þess hugmyndum og áætlunum og veita ráðgjöf til annarra teyma.
- Danskennsla, kór, marimba og tónmennt fellur niður
- Valgreinar falla niður.
- Í öllum stofum 5.-10. bekkjar hefur húsgögnum verið endurreiðað til að tryggja hæfilega fjarlægð milli nemenda.
- Spjaldtölvum er deilt niður á milli hópa þar sem þær verða kyrrsettar.
- Yfirlit yfir hópa, innganga, salerni og tímasetningar í mötuneyti er að finna á eftirfarandi slóð:

https://docs.google.com/document/d/12cti3lyqscbhjzKETTQ8s7i_cmoCjZ-CBNXut1eH8A/edit#heading=h.bl1df4cs3iyg

- Salerni. Hóparnir nýta hver sitt salerni. Sjá töflu hér fyrir ofan.
- Inngangar:
 - 1.-4. bekkur og 9.-10. bekkur nota aðalinngang. Fatahengjum verður endurreiðað og þau merkt upp á nýtt m.t.t. þess að minnka nánd.
 - 5.-8. bekkur ganga inn í tengibyggingu á neðri hæð. Fatahengi færð niður.
- Grímuskylda er í skólabílum fyrir nemendur í 5.-10. bekk og bílstjóra. Að öðru leyti helst skólaakstur óbreyttur.
- Áfram verður lögð áhersla í sóttþreinsun snertiflata jafnt og þétt yfir daginn.
- Öllum mat, meðlæti, salatbar, áleggi o.s.frv. verður skammtað af starfsmanni í mötuneyti.
- Skólabygging verður læst en á útihurð verða símanúmer stjórnenda.
- Öllum viðburðum og ferðum utan skóla verður frestað.